



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Skólafélagsfærni PEERS

Guðrún Björg Ragnarsdóttir

Kennsluráðgjafi

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Skólaárið 2019-2020



Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd	2
3. Samantekt - Niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra	3
4. Mat á verkefninu	4
5. Greinargerð um notkun styrkjár	4
6. Kynning	5
Heimildir	5
Fylgiskjöl	6

1. Inngangur

Tilgangur verkefnisins var að innleiða skólafélagsfærni PEERS í sex grunnskólum, á einu frístundaheimili og í einni félagsmiðstöð, með það að markmið að auka við þekkingu fagmenntað starfsfólks í að kenna börnum félagsfærni eftir raunprófaðri aðferð sem hefur gefið góðan árangur og aðlaga hana að íslenskum aðstæðum. Markmiðið verkefnisins hefur einnig verið að efla félagsfærni barna óháð því hvort þau glími við frávík eða aðra erfiðleika í þroska eða líðan. Verkefnið tengist tveimur grundvallarþáttum menntastefnu Reykjavíkur; félagsfærni og sjálfseflingu auk þess að styðja við geðheilbrigði barna.

Aðdragandi verkefnisins tengist kennsluráðgjafa ÞVMH (Guðrúnu Björgu) sem hóf störf haustið 2018. Í starfi sínu varð hún vör við mikla þörf á félagsfærniþjálfun barna og óskum frá starfsmönnum skólanna um stuðning vegna þessa. Hún taldi sig skorta fagþekkingu á þessu sviði og fór að leita að úrræðum sem gætu hentað. Fann umfjöllun um PEERS, leitaði uppi ritrýnt lesefni um það og leist vel á. Í kjölfarið fór af stað umræða innan skólanna um mögulegt samstarf og hvort starfsmenn skólanna hefðu áhuga á að taka þátt í þróunarverkefni. Að endingu ákváðu starfsmenn innan 6 skóla og frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar innan eins skólanna að taka þátt.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

Talið var æskilegt að efla fagfólk innan grunnskólanna í að styðja við félagsfærni nemenda með leiðsögn og kennslu í samskiptum. Einnig var talið mikilvægt að huga að vaxandi vanlíðan barna og huga að bættri geðheilsu þeirra. Eins og áður sagði kom upphafleg tillaga varðandi úrræði (PEERS) frá starfsmanni Þjónustumiðstöðvar og sammæltust starfsmenn 8 starfsstöðva (6 grunnskóla, einnar félagsmiðstöðvar og frístundaheimilis) um að óska eftir styrk til að bæta eigin fagþekkingu á félagsfærnikennslu. Skipulagt var þriggja daga námskeið í samstarfi við Endurmenntun HÍÍ, Ingibjörgu Karlsdóttur og Guðrúnu Bendiksdóttur sem hafa í nokkur ár haldið PEERS námskeið sjálfstætt og á BUGL. Elizabeth Laugeson höfundur PEERS kom í lok september 2019 og hélt námskeið sem þátttakendur í þróunarverkefninu mættu á auk fagaðila úr öðrum hverfum og nágrannasveitarfélögum. Hver starfsstöð sendi 2 starfsmenn (3 frá Þjónustumiðstöð) á námskeiðið. Alls fóru því 19 þátttakendur í þróunarverkefninu á námskeiðið en auk þeirra sátu um 15 aðrir aðilar námskeiðið.

Hópurinn sem fór á námskeiðið myndaði teymi og hafa reglulegir teymisfundir verið haldnir. Að auki var kennurum úr öðrum skólum borgarinnar sem ekki voru hluti af styrknum boðið að vera með í teyminu að loknu námskeiðinu og þáðu þeir það. Þeir sitja fundi og fá þannig dýrmætan jafningjastuðning við innleiðingu í sinn skóla. En engar mælingar hafa verið gerðar í þeim skólum og engir spurningalistar verið lagðir fyrir þar.

Skipulag funda hefur hvílt á starfsmönnum Þjónustumiðstöðvar (kennsluráðgjafar og hegðunarráðgjafi), einnig skipulag við val á spurningalistum sem lagðir voru fyrir nemendur og foreldra áður en kennsla í skólunum hófst. Starfsmenn ÞVMH hafa einnig

útbúið gátlista fyrir mat á gæðum kennslustunda (meðferðartryggð) og fylgja því eftir með innliti í kennslustundir. Kennarar og aðrir starfsmenn starfsstöðvanna hafa tekið að sér að sjá um kennslustundir og hafa starfsmaður ÞVMH (Guðrún Björg) í samstarfi við aðila innan Greiningarstöðvar útvegað kennurum þýðingar á námsefninu. Starfsmenn ÞVMH stefna að því að kenna PEERS innan skóla hverfsins.

Kennsla hófst í einum skólanna í október en eftir áramót var kennsla hafin á öllum starfsstöðvum. Félagsmiðstöð og frístundaheimili kusu að tvíanna PEERS kennsluna saman með öðrum aðferðum. Sem dæmi um vinnu í frístundaheimili hefur PEERS verið notað með nemendum í 1. og 2. bekk í hópum, starfsmenn þar hafa nefnd að aðferðin hafi hjálpað þeim í samskiptum við börnin almennt, það sé auðveldara að nálgast umræður um reglur og mikilvægi þeirra. PEERS hefur einnig verið inn í þróunarverkefnið *Má ég vera með?* sem hefur verið unnið með innan frístundaheimilis Hlíðaskóla. Í skólunum er PEERS ýmist kennt á miðstigi eða unglíngastigi; Suðurhlíðarskóli, Hlíðaskóli, Barnaskólinn í Reykjavík og Melaskóli eru með hópa á miðstigi en Suðurhlíðarskóli, Tjarnarskóli og Landakotsskóli kenna hópum á unglíngastigi. Suðurhlíðarskóli er með tvo hópa sem fá kennslu. Starfsmenn skólanna kenna PEERS tíma einu sinni í viku á föstum tímum.

3. *Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra*

Reynsla skólanna, frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar er jákvæð. Starfsmenn sem sóttu námskeið fengu tíma til að skoða efnið að námskeiðinu loknu til að skipuleggja kennsluna. Teymið setti í sameiningu tímamörk á hvenær kennsla þyrfti að vera hafin og stóðu allir við þau mörk. Samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum þátttöku-starfsstöðva gengur kennslan vel og er almenn ánægja með efnið. Vert er að geta þess að meðferðartryggðarmælingar lofa mjög góðu. Þar hjálpar sjálfsagt til að kennarar eru með handrit sér til stuðnings og að einnig eru til myndbönd (reyndar á ensku) sem sýna þá hegðun sem er verið að æfa og einnig óæskilega hegðun sem ætlunin er að leiðrétta.

Þrátt fyrir að lagt hafi verið upp með í upphafi að frístundaheimili og félagsmiðstöð myndu einnig kenna PEERS með sama sniði í skólunum varð fljótt ljóst að í því starfsumhverfi hentar betur að blanda þeirri aðferð við fleiri aðferðir í félagsfærni og hefur það verið gert með ágætum árangri að mati starfsmanna þar.

Ef starfsstöðvar borgarinnar hyggja á innleiðingu PEERS er mikilvægt að skoða starfsumhverfið, hvort mögulegt er að bjóða upp á fasta tíma í tiltekinn tíma og hvort húsnæði bjóði upp á kennslu í litlum hópi. Einnig hvort samstarf við foreldra er gott til að auðveldara verði fyrir börn og ungmenni að yfirfæra lærða þekkingu á fleiri sviðum. Þátttakendur (kennarar) í verkefninu hafa nefnt að æskilegt er að auka samstarf við foreldra meira en nú er gert til að auka við stuðning í heimverkefninum, reynslan af verkefninu sýnir að það er mikilvægur þáttur sem þarf að huga að. Einnig telja kennarar á námskeiðunum að sýnikennsla af myndböndum sé gagnleg fyrir nemendum. Þrátt fyrir að myndböndin séu á ensku virðast það gagnast nemendum vel að sjá aðra í þeirri stöðu að vera með óheppileg samskiptaform.

Í þessu verkefni eru um 130 börn í 6 skólum hverfis Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða að fá þjálfun í félagsfærni með gagnreyndri aðferð. Þau fá þessa þjálfun í hópi með samnemendum þar sem kennslan er skipulögð. Þau fá að æfa hegðun í öruggu umhverfi og rýna í hvaða hegðun er æskilegt að forðast. Sem dæmi má nefna lærðu nemendur í Hlíðaskóla í lok febrúar hvernig góður spilafélagi er (t.d. hvetur, kann að taka tapi) og hvað ber að forðast þar (t.d. ekki vera dómari, þjálfari, svindla). Þau ræddu saman um hvað væri æskilegt og tveir starfsmenn stýrðu umræðum með skipulögðum hætti, þau horfðu á myndbönd og spiluðu síðan í litlum hópum til að æfa æskilega hegðun. Að lokum fengu þau heimaverkefni tengt þessu efni. Í vikunni þar á eftir var síðan rifjað upp og farið yfir hvernig heimaverkefnið gekk. Félagsfærni er því kennd í smáum skrefum með skipulögðum hætti sem hentar þessum hópi vel.

Samhliða verkefninu fer fram rannsókn sem starfsmenn ÞVMH sjá um en bæði nemendur og foreldrar þeirra svöruðu spurningalistum áður en kennslan hófst og munu svara aftur að kennslu lokinni. Unnið verður úr þeim niðurstöðum og þær kynntar þátttökuskólunum, fyrir öðrum kennsluráðgjöfum, samstarfsfólki á Þjónustumiðstöð og mögulega á fleiri stöðum. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að samstarfs við Menntavísindasvið HÍ tókst það ekki sem er miður en leitað verður leiða til að koma upplýsingum um verkefnið áfram. Upplýsingar voru sendar um verkefnið þegar verkefnið var í undirbúningi og aftur þegar verkefnið var að fara af stað með boði um samstarf.

4. *Mat á verkefninu*

Mat á verkefninu hefur verið framkvæmt bæði með formlegum og óformlegum hætti. Spurningalistar hafa verið lagðir fyrir foreldra og börn. Börn svara SAS-B lista sem tengist félagsfærni og foreldra hafa svarað spurningum styrk og vanda barna þeirra (SDQ). Listar voru lagðir fyrir innan grunnskólanna áður en kennsla hófst og verða lagðir aftur fyrir í vor þegar kennslu lýkur. Svörum spurningalista hefur verið valkvæð. Rýnt var í kennsluskipulag samkvæmt aðferðinni og útbúinn formlegur matslisti (mat á gæðum framkvæmdar/meðferðartrygð) sem notaðir hafa verið í innlit í kennslustundir. Í júníbyrjun var einnig lagður fyrir spurningalisti til þeirra starfsmanna sem sinntu kennslu í PEERS, unnið verður úr þeim gögnum í sumar. Að auki hafa verið haldnir reglulegir teymisfundir þar sem ígrundun og samræður varðandi kennsluna hafa farið fram. Markmið verkefnisins hefur verið uppfyllt að hluta; listar hafa verið lagðir fyrir og kennsla er hafinn á öllum starfsstöðvum en formlegar kynningar á verkefninu hafa ekki enn farið fram enda er enn verið að safna gögnum og þróa kennsluna.

Ætlunin er að halda áfram með verkefnið í skólunum og hafa starfsmenn ÞVMH boðið öllum að halda áfram í því teymi sem var stofnað um þetta þróunarverkefni. Einnig er til skoðunar að bjóða upp á PEERS hjá Þjónustumiðstöð fyrir börn á grunnskólaaldri.

5. *Greinargerð um notkun styrkfjár*

Starfsstaður

4 milljón króna styrkur fékkst fyrir verkefninu og hefur honum verið ráðstafað með eftirfarandi hætti:

- Námskeiðsgjöld fyrir 19 starfsmenn: kr. 2.264.000
- Bókakostnaður fyrir 19 starfsmenn: 180.000
- Ráðgjafakostnaður: kr. 300.000,-
- PEERS veislur í 8 starfsstöðvum: 240.000,-
- Kennsla og fundarseta til 14 starfsmanna: 595.000,-
- Þýðing á efni: 300.000,-

6. Kynning

Verkefnið hefur verið kynnt stuttlega á starfsmannafundi á Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Það hefur einnig verið kynnt óformlega á samstarfsfundum kennsluráðgjafa borgarinnar, kennsluráðgjöfum hefur einnig verið sendur tölvupóstur með ábendingu um efnið og möguleg námskeið ásamt hvatningu á að skoða efnið.

Verið er að þýða kennsluefni en samkvæmd höfundu má ekki deila því efni nema innan aðila sem sótt hafa námskeið og fengið réttindi í PEERS. Þó má nefna að til eru myndbönd sem opin eru á netinu þar sem hægt er að horfa á erlenda nemendur sýna æskilega og óæskilega hegðun, sjá https://www.semel.ucla.edu/peers/resources/role-play-videos?field_peers_video_tags_tid=All&=Apply

Verkefnið er enn í vinnslu og starfsmenn skólanna eru nú að fá mikilvæga þjálfun í kennslu þessarar aðferðar.

Heimildir

Þátttakendur í þróunarverkefni:

Anna Guðrún Júlíusdóttir

Anna Margrét Káradóttir

Ásdís Sigurjónsdóttir

Dusan Durovic

Guðrún Björg Ragnarsdóttir

Hallgerður Gunnarsdóttir

Heiða Gröndal

Helga Jóhanna Stefánsdóttir

Ivana E Carranza Barralaga

Starfsstaður

Júlía Heiða Ocares

Kristín Inga

Lilja Íris Long Friðjónsdóttir

María B. Arndal Elfnarsdóttir

Ragnhildur Ásgeirsdóttir

Sólrún Ásta Steinsdóttir

Sólveig Jóhannesdóttir

Þorbjörg Ásta Þorbjörnsdóttir

Þórey Þórarinsdóttir

Þórir Andri Karlsson

Fylgiskjöl

ATH. Skila þarf skýrslu í tölvupósti á sfs@reykjavik.is